

Almenn regla um sveppatíslu

Tekið saman af Silke Werth

Á Íslandi eru allir sveppir með pípur (holur) á neðra borði hatts ætir.



Pípur *Boletus subtomentosus*

Á Íslandi eru allar gorkúlur ætar þegar þær eru hvítar að innan (merarostur).



Gorkúlur.

Á Íslandi er einn sveppur, gullbroddi, sem er með gadda undir hatti ætur.



Flestir sveppir með fanir eða fellingar eru ekki ætir og sumir eru hættulega eitraðir. Það þarf að þekkja þessa sveppi vel ef að á að borða þá.



Grænhnefla (*Russula virescens*) er ætur sveppur með fanir á neðra borði hatts, með grænan hatt.

- Borðið aðeins unga sveppi. Skiljið þá eftir ef þeir eru gamlir og mjúkir. Menn geta veikst ef þeir borða gamla sveppi.
- Safnið tegundum sem þið eruð ekki viss um í sérstaka poka eða körfur. Blandið ekki saman ætum og óætum sveppum. Vinsamlega skemmið ekki sveppi.
- Leggið ykkur fram um að tína eingöngu matsveppi. Ekki safna sveppum sem þið eruð ekki viss um hvort eru ætir.

Matsveppir á Suðvesturlandi

Gulbroddi (*Hydnum repandum*). Vex undir barrtrjám. Neðra borð hans er tent og rjómahvít. Hann er ljósgulur eða ljós appelsínugulur að ofan.



Kúalubbi (*Leccinum scabrum*). Vex undir birki.



Flosungur eða lyngflosi (*Boletus subtomentosus*). Undir barrtrjám.



Lerkisveppur eða lerkisúlungur (*Suillus grevillei*). Vex undir lerki



Furursveppur eða furusúlungur (*Suillus luteus*). Undir furu.



Merarostur eða gorkúla (*Bovista nigrescens*).
Í mólendi.



Perufísi (*Lycoperdon pyriforme*)
Á dauðum viðri



Fótgíma (*Calvatia excipuliformis*). Undir barrtrjám.



Perlufísi (*Lycoperdon perlatum*)
Undir barrtrjám.



Mjúkfísi (*Lycoperdon molle*), mjúkfísi.
Undir barrtrjám.



Þessi sveppir er ætíð meðan holdið er hvítt. Þá nefnast þeir merarostur. Þegar þeir þroskast, verða gróin græn og brún og þá eru þeir nefndir gorkúlur, og fullþroska sveppir, með þurrum gróum eru svartir á lit og gróin þyrlast upp. Þá eru þeir nefndir kerlingareldur.

Slímgompur (*Gomphidius glutinosus*). Undir barrtrjám. Á hatti er slím, brúnt á litinn. Fellingar hvítar og verða gráar með aldri. Stilkur ljósgulur. Slím þekur fellingar á ungum sveppum.



Borðið aðeins unga sveppi.

Borðið aðeins sveppi sem þið eruð viss um að séu matsveppir!!!